

Alþingi - Umhverfisstofnun  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. maí 2011  
Tilvísun: UST20110400106/sdk


**Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árórsamningsins.**


Vísað er í bréf frá Umhverfisstofnun Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um fullgildinguna Árórsamningsins (breyting ýmissa laga), 708. mál.

Með framangreindu frumvarpi sem unnið var samhliða frumvarpi um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, er verið að fullgilda Árórsamninginn sem öðlaðist gildi þann 30. október 2001. Fullgilding felst m.a. í því að komið er á fót sjálfstæðri úrskurðarnefnd í umhverfis- og auðlindamálum sem sameinar og leysir af hólmi úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarna sem eru þar með lagðar niður. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að úrskurðarvald umhverfis- og auðlindamála heyri undir sjálfstæða nefnd sem fullnægi skilyrðum óháðs og hlutlauss aðila í slíkum málum og fagnar því einnig að almenningur hafi nú tæka kæruleið í tilteknum ákvörðunum fyrir óháðri nefnd. Því lýsir Umhverfisstofnun ánægju sinni með framangreind frumvörp.

Umhverfisstofnun gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðstjóri

  
Svanfríður Dóra Karlsdóttir  
lögfræðingur